

Fundargerð starfshóps um barnvænt sveitarfélag

1. Fundur haldinn þann 23. júní 2020 kl. 15:00 í Menntaskóla Borgarfjarðar.

Mætt: Anna Magnea Hreinsdóttir, Ragnar Frank, Lilja Björg Ágústsdóttir, Sonja Lind Eyglóardóttir, Davíð Guðmundsson, Sóley Birna Baldursdóttir, Bjartur Daði Einarsson, Daníel Fannar Einarsson og Elfa Dögg Magnúsdóttir. Klara Ósk Kristinsdóttir og Eiríkur Ólafsson boðuðu forföll.

1. Verkefnið barnvænt sveitarfélag og hlutverk hópsins

Fulltrúar stýrihópsins kynntu sig og farið var yfir tilurð og feril verkefnisins *Barnvænt sveitarfélag* og hvað það felur í sér, sjá meðfylgjandi glærur. Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins - sem byggir á grunnþáttunum þekkingu á réttindum barna, því sem barninu er fyrir bestu og jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna. Einnig á virkri þátttöku barna og barnvænni nálgun. Helsta hlutverk stýrihópsins er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins. Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref, sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna.

2. Kortlagning

Eftir undirskrift samnings er næsta skref í innleiðingu á verkefninu kortlagning á stöðu barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Kortlagningin er eitt mikilvægasta skrefið þegar kemur að því að innleiða Barnasáttmálann innan sveitarfélags. Hún felur í sér umtalsverða gagnasöfnun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna svo hægt sé að búa til mælikvarða á velferð og réttindi barna í sveitarfélaginu. Sá mælikvarði er í kjölfarið nýttur sem grunnur fyrir aðgerðaáætlun verkefnisins og viðmið fyrir frekari stefnumótun sveitarfélagsins.

Kortlagningin felst meðal annars gátlistum og í spurningalistum sem unnir eru af UNICEF í samstarfi við fræðimenn. Spurningalistarnir eru sniðnir að ólíkum aldurshópum barna, foreldrum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Hefur Borgarbyggð ráðið til sín Sóleyju Birnu Baldursdóttir í tveggja mánaðar sumarvinnu við að vinna að kortlagningu í samvinnu við ráðgjafa UNICEF.

3. Næstu skref

Næsti fundur stýrihópsins verður með aðilum frá UNICEF þann 31. ágúst nk. Þá verður farið yfir gátlista og spurningalista sem verða undirstaða aðgerðaráætlunar.

Hálfsdagsnámskeið verður haldið fyrir stýrihóp, kjörna fulltrúa, sviðsstjóra og umsjónarmann 11. september nk. Einnig verður haldið hálf dagsnámskeið fyrir ungmennaráðið sama dag.

Að auki hefur starfsfólk leikskóla og grunnskóla kallað eftir námskeiði á sameiginlegum starfsdegi og verið er að vinna að því að finna heppilega dagsetningu næsta vetur.

Fleira ekki gert.

Amh.